



Alþýðusamband Íslands

Ályktun 40. þings ASÍ um græna hagkerfið og fjölgun starfa

Áherslur á græn gildi hafa á undanförunum árum orðið áberandi í atvinnustefnu ASÍ. Sjálfbærni íslensks atvinnulífs og nýting náttúrugæða á sjálfbæran hátt til atvinnuppbyggingar eru stef sem Alþýðusambandið hefur tileinkað sér. Ísland hefur allt til að bera til að geta orðið grænt samfélag. Auk þekktra kosta má nefna spennandi samspil á nýtingu varma sem afgangsstærðar við raforkuframléiðslu með jarðhita. Þessi varmi mun í framtíðinni leggja grundvöll að víðtækum lífrænum efnaiðnaði hér á landi. Einnig liggur fyrir að hagkvæmt er að framleiða ákveðnar tegundir af grænmeti í miklu magni hér á landi með vistvænni raforku. Ísland getur nýtt samkeppnisforskot sitt í hreinum matvælaíðnaði með sjálfbærni og fullnýtingu á sjávarfangi það sama á við um íslenskan landbúnað.

Áherslur ASÍ

- ASÍ vill betri nýtingu umfram orku (glatvarma) sem ekki nýtist í dag bæði hjá orkuverum og stóriðju, t.d. til aukinnar framleiðslu á lífrænt ræktuðu grænmeti eða til grænna sprotafyrirtækja.
- ASÍ vill líta til fjölbreyttari virkjanakosta en vatnsafls og jarðvarma til að byggja upp öflugt og samkeppnishæft atvinnulíf, má þar nefna virkjun vindorku, sjávarfalla, sólarorku og metangass.
- ASÍ vill fullvinnslu, svo sem sjávarafurða og kjötúrgangs, slíkt er bæði atvinnu- og umhverfismál sem getur skapað fjölda starfa og mikil verðmæti.
- ASÍ vill huga að þeim miklu auðlindum sem þjóðin býr að í formi ferskvatns.
- Vaxandi skógrækt í landinu getur líka orðið uppspretta fjölda grænna starfa í framtíðinni.
- Grænn byggingariðnaður (sjálfbærni húsa), vistvæn ökutæki og grænir orkugjafar eru málaflokkar sem ASÍ ætlar að beita sér fyrir á komandi árum.

Verkefni ASÍ

- ASÍ beiti sér fyrir vitundarvakningu um græna hagkerfið (hvað get ég gert) og bendi á hvernig það geti falið í sér aukin lífsgæði fyrir allan almenning á Íslandi.
- ASÍ hvetur til aukinnar fræðslu um græna hagkerfið og skilgreiningu á grænum störfum.
- ASÍ vill tryggja að græn störf verði samkeppnishæf við það sem best gerist á vinnumarkaði.
- ASÍ vill upprunamerkingu (sótspor) vara svo neytandinn geti séð um hversu langan veg varan hefur verið flutt.
- ASÍ hvetur til aukinnar fullvinnslu afurða stóriðjunnar hér á landi með afnámi tolla.
- ASÍ mun beita sér fyrir frekari skattaílvilnun á til að auðvelda fólki kaup á vistvænum ökutækjum.
- ASÍ hvetur til frekari flokkunar og endurvinnslu hér á landi.